



Tré ársins 2014

Skógræktarfélag Íslands, í samstarfi við Arion banka, útnefndi evrópulerki (*Larix decidua*) við Arnarholt í Stafholtstungum Tré ársins 2014, við hátíðlega athöfn sunnudaginn 14. september. Var tréð gróðursett árið 1909, af Brynjólfi Guðbrandssyni, bónda í Hlöðutúni, fyrir tilstilli Sigurðar Þórðarsonar sýslumanns er þá bjó í Arnarholti og er það því orðið 105 ára gamalt.

Hófst athöfnin á því að Ragnheiður Torfadóttir, formaður Sameignarfélagins Arnarholts bauð gesti velkomna. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands flutti ávarp, sem og Kolfinna Jóhannesdóttir, bæjarstjóri Borgarbyggðar. Því næst sagði Laufey B. Hannesdóttir stuttlega frá sögu trésins og þeim tveimur mönnum sem komu að gróðursetningu þess. Því næst var tréð mælt formlega og reyndist það vera 15,2 m að hæð og þvermál í brjósthæð 49 cm. Þar sem stór grein var rétt fyrir neðan brjósthæðina og stofninn töluvert gildari þar fyrir neðan var ákveðið að mæla líka í 60 cm hæð. Reyndist meðfylgjandi mæliklafi of lítill til þess verks, þannig að gripið var til málbands og mælt ummálið og reyndist það vera 2 m sléttir, sem samsvar um 63 cm þvermáli.

Að mælingu lokinni afhenti fulltrúi Arion banka, Bernhard Þór Bernhardsson, viðurkenningar-skjöl vegna Trés ársins og tóku Ragnheiður Torfadóttir, fyrir hönd Sameignarfélagins Arnarholts og Brynjólfur Guðmundsson, barnabarn Brynjólfs Guðbrandssonar sem gróðursetti tréð, við þeim.

Því næst voru Umhverfisverðlaun Borgarbyggðar veitt og gerði það Jónína Erna Arnardóttir, formaður Umhverfis-, skipulags- og landbúnaðarnefndar. Fyrir snyrtilegustu lóð við íbúðarhús hlaut Skallagrímshaga 3 viðurkenningu, snyrtilegasta lóð við fyrirtæki þótti við Brákarhlíð, snyrtilegasta bændabýlið var Brekkukot í Reykholtssdal og auk þess fékk Reykholtssstaður sérstaka viðurkenningu.

Inn á milli atriða tók svo sönghópur, sem samanstóð af afkomendum Ragnars Olgeirssonar, vel valin lög, auk þess að stýra fjöldasöng.

Formlegri dagskrá lauk svo með afhjúpun skiltis við tréð, sem markar útnefningu þess sem Trés ársins 2014. Eftir það var boðið upp á kaffihressingu í Arnarholtsbænum, en þar var einnig myndlistarsýning nemenda Varmalandsskóla, en þau unnu myndir sérstaklega af þessu tilefni.

Tókst athöfnin sérlega vel. Þrátt fyrir heldur hryssingslegt veður í nálægum sveitum var veðrið gott – hlýtt og þurrt – og skjólgott inni í Lundinum. Vel var mætt á athöfnina, en vel á annað hundrað manns komu til að njóta stundarinnar.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.

Tekið er á móti ábendingum um áhugaverð tré allt árið um kring á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150 eða á netfanginu skog@skog.is.



Tré ársins 2014 (Mynd: Laufey B. Hannesdóttir).

Hugleiðingar um skógrækt



Ég var óvænt kosinn formaður Skógræktarfélags Akraness árið 2012. Enginn vildi taka það að sér, það var einhver deyfð yfir mannskapnum. Ég hafði verið í félaginu í mörg ár en ekki virkur. Vinnudagar og fundartímar Skógræktarfélagsins voru á óheppilegum tíma þannig að ég gat aldrei mætt en var þó alltaf á leiðinni. Svo loksins þegar ég gat mætt var ég kosinn formaður!

Þessi ár mín sem formaður hafa verið lærdómsrík. Fyrst hélt ég að skógrækt nyti svo almenns velvilja að varla þyrfti að biðja um fé og stuðning til hinna ýmsu framkvæmda sem nauðsynlegar eru fyrir skógræktina á svæðinu. Ég skrifaði í bjartsýniskasti grein í héraðsfréttablaðið um ágæti þess að fólk ynni saman og nefndi sérstaklega að hestamenn ættu að vinna með okkur skógræktarmönnum að lagningu göngu-, hjól- og reiðstíga.

Langflestir bæjarbúar, sem á annað borð hafa tjáð sig, hafa verið velviljaðir skógrækt í tali og sumir í verki. Þó hefur bæjarfélagið lítið viljað styðja okkur á sama tíma og leik-, skemmti- og íþróttafélög hafa fengið stuðning og sum veglegan. Af viðræðum mínum við skógræktarfólk í öðrum sveitarfélögum að dæma þá virðist þetta víða vera stefnan hjá sveitarstjórnarfólki, að styðja ekki sérstaklega við skógræktarfélög þó talið sé sjálfsagt að styðja við margvísleg íþrótt- og skemmtifélög. Kannski ræður tíðarandinn mestu um þetta viðhorf, hin mikla eiginhagsmunahyggi, jafnvel sjálfsdýrkun, sem virðist vera ríkjandi í dag. Þess vegna sé fólk andsnúið eða hafi engan

áhuga á að græða upp land sem það á ekki sjálft privat og persónulega.

Fleira hefur komið mér á óvart. Þar má nefna núning við nokkra hestamenn sem nýta hluta þess svæðis sem ætlað er til skógræktar og útivistar samkvæmt skipulagi. Þá má nefna að við skógræktarfólk höfum þurft að reka sauðfé úr skógræktinni okkar en stærð hennar er þó aðeins brotabrot af högum sauðfjárbænda. Verra en þetta þykir mér þó að heyra frá ýmsum aðilum, sumir þeirra eru lærðir náttúrufræðingar, að skógrækt eigi engan sérstakan rétt á sér á Íslandi. Grjót, urð og uppblásnir melar séu hin dæmigerða íslenska náttúra. Sumum sem halda þessu fram er sérstaklega illa við allar útlendar plöntur eins og grenitré og aspir að ekki sé talað um vesalings lúpínuna sem hefur unnið sér það til óhelgis að dafna á gróðursnaudu og uppblásnu landi. Það er eins og það sé orðið inngróið í okkur Íslendinga að landið okkar eigi að vera gróðursnautt. Við virðumst hafa gleymt orðum Ara fróða um að þegar landið byggðist hafi það verið viði vaxið milli fjalls og fjöru.

Þó mér hafi komið ýmislegt á óvart og þá sérstaklega að viðhorfið til skógræktar er ekki eins jákvætt og ég hélt þá hefur starfið með fólkinu í Skógræktarfélagi Akraness verið afar ánægjulegt og gefandi. Einnig hef ég kynnst góðu fólki í öðrum skógræktarfélögum. Skógræktarfólkið er úr flestum geirum samfélagsins og öllum stjórnmalaflokkum og með fjölbreytileg lífsviðhorf. Það á það sameiginlegt að vera ósérhlífið og vilja græða upp landið okkar. Það er gaman og gefandi að vera hluti af slíkum hóp.

Jens B. Baldursson,
formaður Skógræktarfélags Akraness

Laufblaðið

Fréttablað, 23. árgangur, 2. tölublað 2014.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands

Magnús Gunnarsson, formaður
Sigrún Stefánsdóttir, varaformaður
Guðbrandur Brynjúlfsson, gjaldkeri.
Aðalsteinn Sigurgeirsson, ritari.

Meðstjórnendur:

Páll Ingbór Kristinsson
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn H. Þorsteinsson
Laufey B. Hannesdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands

 Arion banki



TOYOTA

Skógardagur Norðurlands

Skógardagur Norðurlands var haldinn í fyrsta skipti í Kjarnaskógi við Akureyri laugardaginn 14. júlí síðast liðinn.

Á vormánuðum hittust nokkrir aðilar sem tengjast skógræktargeiranum á Norðurlandi og ræddu möguleika á að halda árlegan Skógardag norðanlands, þar sem almenningi gæfist kostur á að kynna sér starfsemina sem fram fer í skóginum ásamt því að njóta útiveru og gera sér glaðan dag.

Er skemmst frá því að segja að margir voru til í að leggja hönd á plóg og að viðburðinum stóðu, ásamt Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Norðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins, Félag skógarbænda á Norðurlandi, Skógfræðingafélag Íslands og Gróðrarstöðin Sólskógar.

Veðurguðirnir sem allajafna bregðast Norðlendingum ekki voru fremur illa fyrir kallaðir um morguninn en vel rættist úr þegar leið á daginn og gestir nutu skjólsins sem skógurinn veitir.

Ýmis atriði voru á dagskrá. Leikhópurinn Ás sýndi atriði úr verki sem samið er af félögum hópsins, ratleikur var í gangi í skóginum auk þess sem taflmót var haldið í grillhúsinu á Steinagerðisvelli.

Haldnar voru þrjár sýningar þar sem starfsemin í skóginum var kynnt. Bergsveinn Þórsson, skógfræðingur hjá Norðurlandsskógum, stýrði skógarhöggssýningu þar sem stálpuð lerkitré voru felld eftir kúnstarinnar reglum, þau afkvistuoð og færð í neytendavænni búning auk þess sem helsti búnaður sem notaður er við skógarhögg var kynntur.

Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, lýsti ferli fræs til fullunninnar vöru, sýnd voru fræ af ýmsum trjátegundum, plöntur í pottum og bökkum tilbúnar til afhendingar, rétt handtök við gróðursetningu voru kennd og fjölmörgum spurningum áhugasamra gesta svarað.

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, sýndi hinar ýmsu vélar sem notaðar eru við vinnslu skógarafurða hjá félaginu, t.d. vél til að vinna girðingarstaura, eldiviðarsög, flettisög til að framleiða borðvið og timburvagn sem notaður er þegar trjábolir eru fluttir úr skógi.

Á eldhúsflötinni voru svo framleiddar dýrindis veitingar yfir eldi, ketilkaffið var að sjálfsögðu ekki langt undan, börnum var kennt að vefja gerdeigi á trjágrein og baka yfir eldi með aðstoð foreldra, bakaðar voru lummur og poppað á pönnu.

Þrátt fyrir þungbúið veður var gleðin við völd hjá ungum sem öldnum á þessum fyrsta Skógardegi Norðurlands og voru aðilar sem að honum stóðu sammála um að endurtaka leikinn að ári og bjóða fólk velkomið í skóginn

(Allar myndir: Ingólfur Jóhannsson).



Leiksýning í gangi hjá Leikhópnum Ási.



Bergsveinn Þórsson á „kaffivaktinni“.



Brauð bakað við eldinn.



Lummubakstur í fullum gangi.

Heimsókn til skógræktarfélaga á Suðurnesjum

Á fallegum sumardeg í júnímánuði tók stjórn Skógræktarfélags Íslands sér ferð á hendur um Suðurnes en þar er að finna þrjú skógræktarfélög sem hafa starfað af miklum krafti undanfarin ár. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér starfsemi félaganna.

Fyrsti viðkomustaður okkar var Skógræktarfélagið Skógfell sem starfar í Vogunum og nágrenni en þar tók á móti okkur Oktavía Ragnarsdóttir, formaður félagsins. Fyrst var staldrað við á spildu við Grænhól þar sem unnið hefur verið mikið starf við erfiðar aðstæður. Eftir nokkurn stans var haldið að Háabjalla en þar er að finna eignaland félagsins en undanfarin ár hefur verið unnið að því að bæta við greniskóg sem á rætur að rekja til fyrri tíma þegar áttahagafélag Suðurnesjamanna hóf skógrækt til vegs og virðingar um miðja síðustu öld. Eitt brýnasta verkefnið á næstu árum er að fá góða tengingu frá þéttbýlinu undir Reykjanesbrautina þannig að svæðið geti nýst bæjarbúum í Vogum með betri hætti.

Skógræktarfélag Grindavíkur er eitt yngsta félagið í skógræktarhreyfingunni, stofnað árið 2006. Þar er sveit vaskra manna sem veita félaginu forstöðu. Formaður er Guðmundur Grétar Karlsson og leiddi hann stjórn Skógræktarfélags Íslands í fyrsta áfanga í glæsilegt sýningarsetur sem komið hefur verið upp af miklum myndarskap, m.a. um saltfisk, jarðfræði og rithöfundinn Guðberg Bergsson, heiðursborgara Grindavíkur. Bæjarstjórinn heimsótti hópinn, bauð upp á súpu og viðbit um leið og hann sagði frá Grindavík og framtíðaráformum, uppbyggingu og jákvæðum viðhorfum til skógræktar. Eftir að menn voru mettir var haldið út á svæði félagsins í Þorbirni en það á langa sögu sem núverandi félag byggir á. Félagið hefur staðið fyrir mikilli uppbyggingu á innviðum skógarins í Þorbirni, m.a. fyrir tilstilli sveitarfélagsins og Bláa lónsins, en til dæmis hefur



Stjórnarmenn Skógræktarfélags Íslands ásamt forvarsmonnum Skógræktarfélags Grindavíkur í skóginum í Þorbirni (Mynd: BJ).

verið lagður afar góður göngustígur allt frá lóninu og að skógræktinni í Þorbirni. Framtíðarhugmyndir manna eru að Þorbjörninn verði kringdur skógi og lagður verði þar varanlegur göngustígur.

Skógræktarfélag Suðurnesja hefur haldið úti miklu gróðursetningastarfi undanfarna áratugi og má sjá þess stað víða á athafnasvæði félagsins sem telur til Njarðvíkur, Keflavíkur og Hafna. Sigurjón Þórðarson, formaður félagsins og Berglind Ásgeirsdóttir, garðyrkjufræðingur Reykjanesbæjar, tóku á móti Skógræktarfélagi Íslands við gömlu Duushúsin sem nú hafa verið gerð upp og þjóna nýjum hlutverkum - ýmiskonar söfnum hefur verið komið þar fyrir auk aðstöðu til sýninga, funda og ráðstefna. Þá var haldið í Vatnsholt, en það er stórt útivistarsvæði í hjarta Keflavíkur sem Skógræktarfélag Suðurnesja hefur umsjón með og þar hefur félagið unnið ótullega að ræktun undanfarinn áratug og liðlega það. Inni á svæðinu er gamall vatnstankur sem hefur heldur betur fengið andlitslyftingu en á síðasta ári kom alþjóðlegur listahópur sem kallar sig Toyista en þessi hópur hefur tekið að sér að færa gamlar byggingar til betri vegar. Segja má að á þessu útivistarsvæði sé að verða til perla í Keflavík sem á ekki sinn líka. Þá var einnig komið við í gömlu ratsjárstöðinni Rockville en þar eru nú engar byggingar lengur en nokkur sitkagrenitré á stangli sem standa þarna eins og vitar í hrjóstrugri heiðinni. Áhugavert er hvort þau eigi eftir að hafa betur í baráttunni við náttúróflin í framtíðinni.

Ferðin var afar ánægjuleg og var stjórn félagsins afar vel tekið og hyggst hún halda áfram að heimsækja aðildarfélög og fylgjast með starfi félaganna sem víðast um land.

*Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands*



Vatnstankurinn í útivistarsvæðinu í Vatnsholti í Keflavík (Mynd: BJ).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
 Athygli ehf, Suðurlandsbraut 30
 Auglýsingastofan ENNEMM,
 Brautarholti 10
 Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
 Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
 Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
 E.T. hf, Klettagörðum 11
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Ferðapjónustan Ísafold ehf,
 Smiðshöfða 21
 Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
 GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Guðmundur Jónasson ehf,
 Borgartúni 34
 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2
 Hilmar D. Ólafsson ehf,
 Eldshöfða 14
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Landsnet hf, Gylfaflöt 9
 Landvernd, Þórunnartúni 6
 Loftstokkahreinsun.is, s: 567-0882,
 Garðhúsum 6
 Löndun ehf, Kjalarvogi 21
 Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
 Skorri ehf, Bildshöfða 12
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,
 Skógarhlíð 14
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Tannsmiðjan Króna sf,
 Suðurlandsbraut 46

Teiknistofan Arkitektar,

Brautarholti 6
 Umhverfis- og skipulagssvið
 Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
 Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf,
 Hraunbergi 4
 Verkfræðistofan VIK ehf,
 Laugavegi 164

Kópavogur

Byggðapjónustan bókhald og ráðgjöf,
 Auðbrekku 22
 Hvellur-G. Tómasson ehf,
 Smiðjuvegi 30
 Innviðir ehf, Smiðjuvegi 36
 Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
 Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b
 Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær

Aflbinding-Járnverktakar ehf,
 Lyngási 8
 Geislataekni ehf-Laser-pjónustan,
 Suðurhrauni 12c
 Raftækniþjónusta Trausta ehf,
 Lyngási 14
 Samhentir, Suðurhrauni 4

Hafnarfjörður

Hlaðbær-Colas hf,
 malbikunarstöð, Gullhelli 1
 Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
 Nonni Gull, Strandgötu 37
 Verkalýðsfélagið Hlíf,

Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Renniverkstæði Jens Tómassonar,
 Fitjabakka 1c
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
 Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
 Toyota Reykjanesbæ,
 Njarðarbraut 19
 Verslunarmannafélag Suðurnesja,
 Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
 Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8
 Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Straumnes ehf, rafverktakar,
 Krókatúni 22-24

Borgarnes

Eyja- og Miklaholtshreppur,
 Snæfellsnesi
 Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
 Skógræktarfélag Borgarfjarðar,
 Kveldúlfsgötu 18
 Sæmundur Sigmundsson ehf,
 Brákarbraut 20

Svipmyndir vors og sumars



T.h. Í sumar kom annað árið í röð hópur skóg- og umhverfisfræðinema frá Skógræktarháskólanum í Rottenburg (Hochschule für Forstwirtschaft Rottenburg) í heimsókn til Íslands, en Skógræktarfélag Íslands var þeim innan handar við skipulagningu ferðarinnar. Meðal annars heimsóttu nemarnir Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti, þar sem haldið var út í Gunnlaugsskóg til að skoða jarðveg þar. Eins og sjá má nýttist holan sem var grafin ekki bara til að skoða jarðvegssnið! (Mynd: RF).



T. h. Það er ekki bara mannfólkið sem hefur gaman af útivist í skóginum! (Mynd: JAJ).



T. v. Opinn skógur verkefnið snýst um að opna skógarreiti skógræktarfélaganna til notkunar almennings með því að byggja upp aðstöðu til útivistar í þeim. Það er hins vegar ekki nóg að setja aðstöðu eins og stíga, skilti, borð og bekki upp, heldur þarf líka að sinna viðhaldi og almennri umhirðu. Undanfarin ár hefur því fulltrúi frá Skógræktarfélagi Íslands heimsótt Opnu skógana í byrjun sumars til að sinna almennri umhirðu – hreinsa til, laga skilti, endurnýja merkingar ef þarf og svo framvegis. Á myndinni er verið að hreinsa upplýsingaskiltið í Laugalandsskógi í Hörgárdal, en skógurinn þar var opnaður árið 2012 (Mynd: Nikulás Magnússon).



T. v. Félagar í Skógræktarfélagi skáta á Úlfjótssvatni hittust miðvikudaginn 4. júní til gróðursetningar. Að þessu sinni voru settar niður stikilsberjaplöntur, sem eiga eflaust eftir að verða vinsælar hjá skátum og gestum á Úlfjótssvatni þegar frá liður! (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).



T.v. Símenntun er mikilvæg í skógrækt og því settust starfsmenn Skógræktarfélags Íslands á skólabekkin hjá Else Möller skógfræðingi, til að fræðast um jólatrjáa-ræktun. Eftir fyrirlestra var haldið í skóglagsins í Brynjudal í Hvalfirði, þar sem starfsmenn gátu prófað ýmsar aðferðir við formun jólatrjáa (Mynd: RF).

Svipmyndir vors og sumars



T.h. Skógræktarfélag Borgarfjarðar stóð fyrir samkomu í Einkunnum í ágúst. Boðið var upp á ketilkaffi og prófuð margvísleg matseld við varðeldinn – grillaðir bananar, epli og pylsur og meira að segja hrærð egg. Einnig var farið í sveppatínslu og svo hjálpast að við að greina uppskeruna (Mynd: RF).

T.v. Það er að ýmsu að huga í starfi skógræktarfélaganna og eitt af því eru samskipti við félagsmenn. Á hverju ári eru send félagsskirteini til allra félaga í skógræktarfélögum og nýta mörg félög tækifærið til að senda fréttabréf með til félaganna. Hér hjálpast ungir og aldnir að við að undirbúa póstsendingu til félaga í Skógræktarfélagi Borgarfjarðar (Mynd: Laufey B. Hannesdóttir).



T.v. Skógræktarsvæði Skógræktarfélags Dýrafjarðar á Söndum er á rúmum tveimur áratugum orðið að sannkallaðri útivistarparadís og nú þegar farinn að gefa af sér ríkulega sveppauppskeru. Í sumar unnu tvíburarnir Hjalti og Anton Hjaltasynir að uppkvistun á eldri stafufurulundum og féll þar til smávegis af eldiviði, sem fólk gat sótt sér í stæður í vegköntum (Mynd: Sæmundur Þorvaldsson).



T.h. Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár verið með sjálfbodaðliðahópa á vegum SEEDS samtakanna í vinnu og hafa þeir komið víða við. Nú í sumar vann einn hópurinn í skóginum í Skarösdal, reit Skógræktarfélags Siglufjarðar (Mynd: GP).



T.v. Tvær greinar í keppninni um Vestfjarðavíkinginn 2014 fóru fram í Tröð á Hellissandi – skógi Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli. Veðrið var kannski ekki upp á það besta – frekar svalt og vott – en kraftajötnarnir létu það ekki á sig fá, enda umhverfið fallegt og skjól af trjánum. Reyndist Tröð vel, því þar var slegið met í kútakasti, þegar Ari Gunnarsson kastaði kút yfir 5,9 metra. Á myndinni má sjá keppendurna í upphafi keppni í Tröð (Mynd: Lýdía Rafnsdóttir).



Fundur European Forest Network í Skotlandi

European Forest Network (EFN) eru óformleg samtök skógræktarfélaga í Evrópu og er megin áhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um skóga- og skógræktartengd málefni í hverju landi. Aðildarlönd skiptast á að halda ársfund samtakanna og var fundurinn í ár haldinn í bænum Forres í Skotlandi, en gestgjafi fundarins var Royal Scottish Forestry Society. Var fundurinn haldinn í tengslum við árlegan aðalfund skoska félagsins og var sameiginleg dagskrá hluta fundarins.

Fundurinn hófst laugardaginn 3. maí á kynnisferð um útivistarskóginn við Randolph's Leap. Síðdegis héldu fulltrúar þeirra landa sem mætt voru erindi og kynntu það helsta sem í gangi er í skógum og skógrækt í þeirra heimalandi. Mættir voru fulltrúar frá Finnlandi, Austurríki, Eistlandi, Litháen, Íslandi og Þýskalandi, auk gestgjafanna, Skota. Eins og gefur að skilja eru aðstæður skógræktar mjög mismunandi milli þessara landa og urðu því liflegar umræður. Þess má til gamans geta að formaður skoska félagsins, William Crawford, var með allan þennan dag og nýtti óspart tækifærið til að spyrja gestina út í skógrækt í þeirra heimalöndum, en hann hefur ekki setið fund samtakanna áður.

Næstu þrjá daga var svo farið í kynnisferðir, með aðalfundargestum skoska félagsins, og mátti í þeim meðal annars kynna sér gróðrarstöð, timburverksmiðju, vindmyllubýli (*wind farm*), nýskógrækt og skóga ræktaða í margvíslegum tilgangi – til landgræðslu, útivistar, framleiðslu eldsneytis o.fl. Fundi lauk svo miðvikudaginn 7. maí.



Skógarfura í uppveiti í Christie Elite gróðrarstöðinni. Skógarfura er önnur algengasta barrtrjategundin sem gróðursett er í Skotlandi, á eftir sitkagreni (Mynd: RF).



Rjóðufelling (*clear cut*) á Cawdor Estate. Slík felling er algeng í Skotlandi og kom það mörgum evrópsku þátttakendum á fundinum nokkuð á óvart, en víða á meginlandinu gilda mun strangari reglur um skógarhögg (Mynd: RF).



Roseisle skógurinn í nágrenni Forres. Skógurinn stendur niður við strönd og var upphaflega gróðursettur til að binda sandöldur við ströndina. Hefur það haft nokkur áhrif á lögum trjáanna næst sjónum, eins og sjá má. Mest var sett niður af skógar- og svartfuru (*Pinus sylvestris* og *P. nigra*), en nú eru fleiri tegundir farnar að dreifa úr sér í skóginum. Í dag er skógurinn og ströndin vinsælt útivistarsvæði, sérstaklega fyrir fjölskyldufolk, en þægilegar gönguleiðir liggja um skóginn (Mynd: RF).



Þátttakendur á EFN fundi aðstoða við trjásmælingar við Randolph's Leap. Eins og sjá má er tréð nokkuð stórt! (Mynd: RF).



Að ofan og til vinstri. Auchertipper New Woodland. Dæmi um nýskógrækt á skosku heiðunum. Mest er sett niður af skógarfuru og öðrum timburtrjám, en einnig ýmsar „fagurtegundir“ í bland, svo sem birki, ösp, elri og reynir; en leifar skóga þeirra tegunda finnast í nágrenninu. Eru lauftrén sett í hlífðarrör, til að vernda trén gegn beit hjartardýra og kanína/héra, sem er töluvert vandamál fyrir skógrækt í Skotlandi almennt.

Innan svæðisins finnst líka votlendi og svæði með töluvert af mó í jarðveginum og stendur ekki til að gróðursetja í þau, þar sem votlendin skipta miklu máli fyrir fuglalíf á svæðinu (Mynd: RF).

Netfangaleikur Laufblaðsins

Á vormánuðum var efnt til Netfangaleiks Laufblaðsins, en allir félagar í skógræktarfélögum sem skráðir voru með virkt netfang voru með í leiknum. Fylgdi miði um leikinn með félagsskirteini ársins 2014, þar sem félagar voru hvattir til að skrá sig.


Dregið var úr netföngum þann 15. maí og hlutu þrír félagsmenn kr. 7.500 í vinning, til nota í ræktunarstarfinu. Vinningshafarnir voru Anna Sigríður Einarisdóttir, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, Eggert Magnússon, Skógræktarfélagi Kópavogs og

Guðmundur Guðbrandsson, Skógræktarfélagi Austur-Húnavetninga. Vonar Laufblöðungur að peningurinn hafi nýst vinningshöfum vel í sumar!

Meðlimum skógræktarfélaga er bent á að passa upp á að þeir séu skráðir með virkt netfang svo að Laufblaðið skili sér örugglega til þeirra. Næsta vor verður aftur efnt til leiks og þá er eins gott að vera skráður til að eiga möguleika á vinningi!

Skrá má netfang eða athuga með skráningu í síma 551-8150 eða á netfangið rf@skog.is.

Barnahornið - lausn gátu í 1. tbl. Laufblaðsins 2014



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness,
Aðalgötu 24

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð,
Eyrargötu 1

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Þingeyri

Tengill, rafverktaki,
Aðalstræti 49

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Siglufjörður

Aðalbakarinn ehf, Aðalgötu 26 -28

Akureyri

Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Óseyri 2
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf, www.
rettarholl.is, Smáratúni 16b
Höldur ehf, bílaleiga,
Tryggvabraut 12
Orlofsbyggðin Illugastöðum,
Fnjóskadal
Raftákn ehf - Verkfræðistofa,
Glerárgötu 34
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf,
Gunnarsbraut 12

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
s: 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn,
Jarðbaðshólum

Vopnafjörður

Mælifell ehf, Háholti 2

Egilsstaðir

Gróðrarstöðin Barri ehf,
Valgerðarstöðum 4
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús,
Búðargötu 4

Neskaupstaður

Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Bókhaldsstofan ehf,
Krosseyjarvegi 17
Skinney-Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógabyggðar,
Dalbraut 1
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Pípulagnir Helga ehf, Gagnheiði 11
Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
Ánesi
Sveitarfélagið Árborg,
Austurvegi 2

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
Heilsustofnun NLFÍ-www.nlfí.is,
Grænumörk 10

Þorlákshöfn

Garðyrkjustjóri Sveitarfélagsins
Ölfuss, Hafnarbergi 1

Hella

Rangárþing ytra,
Suðurlandsvegi 1

Hvolsvöllur

Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28

Hugmyndabankinn – efniviður skógarins

Skógar eru vinsælir til útivistar og fjölgar stöðugt þeim skógum og lundum þar sem boðið er upp á aðstöðu til margvíslegrar útiveru, til dæmis göngu-, reið- og hjólastíga, nestisaðstöðu, leiktæki og ýmis upp-lysingaskilti. Eitt af því sem oft þarf að setja upp, sérstaklega þar sem boðið er upp á nestisaðstöðu, eru ruslatunnur. Ruslatunnur sem slíkar eru sjaldnast til fegurðarauka, en með því að nýta sér timbrið úr skógunum

má færa þær í mun huggulegri klæði. Hér má sjá tvær mismunandi útfærslur frá Austurríki á umgjörð utan um ruslatunnur, sem tækju sig vel út í hérlandum skógum, eða jafnvel við sumarbústaðinn!

Ef lesendur hafa hugmyndir að áhugaverðum, sniðugum eða fallegum hlutum unnum úr efniviði skógarins sem þeir vilja deila með fleirum má senda þær á netfang ritstjóra Laufblaðsins – rf@skog.is.




Lumar þú á efni í Skógræktarritið?

Skógræktarritið er eina tímaritið helgað skógrækt á Íslandi og kemur það út tvisvar á ári. Það hefur í yfir áttatíu ár verið aðalvettvangur skrifa íslenskra skógfræðinga og annarra sem áhuga hafa á hinum ýmsu hliðum skógræktar

Skógræktarritið hefur ávallt leitast við að hafa efni fyrir bæði lærða og leika og hafa efnistöð þess því verið fjölbreytt og víðtæk - umfjöllun um tiltekna skóga, trjátegundir eða einstök tré, skjólbelti, dýralíf í skógum, skaðvalda á trjám, niðurstöður rannsókna í skógrækt, skipulag skógræktar, viðtöl, leiðbeiningar um ýmsa þætti trjá- og skógræktar og svo mætti lengi telja.

Ef þú hefur ábendingu um áhugavert efni fyrir ritið eða hefur áhuga á að skrifa grein í það, endilega hafðu samband við ritstjóra á netfangið bj@skog.is.



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

www.fit.is



GARÐABÆR



icepharma
Bætt líðan - Betra líf



LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS



GÆÐAMOLD

molta



SAMBAND
GARÐYRKJUBÆNDA




Skógræktarfélag Reykjavíkur



ÁRANGUR Í UMHVÆRFISMÁLUM

Barnahornið

Á MYNDUNUM HÉR FYRIR NEÐAN ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM.
FINNIÐ ÖLL TÍU!



Samningur um Opinn skóg

Í byrjun júní var undirritaður nýr samningur við Skeljung hf. um stuðning við verkefnið Opinn skóg. Verkefnið er samstarfsverkefni skógræktarfélaga og fyrirtækja sem styrktaraðila og lýtur það að uppbyggingu aðstöðu í núverandi skógarreitum, svo sem stíga, nestisaðstöðu og upplýsingaskilta, til að opna þá til útivistar fyrir almenning.

Hafa nú þegar verið opnuð fjórtán svæði víðs vegar um land undir merkjum Opins skógar og er undirbúningur að opnun þess fimmtánda nú í gangi.

Skrifuðu Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs hf. og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, undir samninginn. Gerir sá stuðningur sem felst í samningum Skógræktarfélaginu kleift að halda verkefninu áfram af fullum krafti.

Nánari upplýsingar um verkefnið og einstaka skóga sem búið er að opna má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs hf. (t.v.) og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, undirrituðu samninginn (Mynd: BJ).



Kynlegir kvistir



Áföll sem tré verða fyrir geta oft sett ansi sérstakan svip á þau, ef þau á annað borð lifa áföllin af. Hér hefur lerki-tré lent í miklum snjó og brotnað, en ætlar að vaxa áfram og mynda greinarnar nú þetta fina græna „pils“, með ójöfnum „faldi“. Þótt slík tré væru

líklegast látin hverfa í hefðbundinni timburskógrækt geta þau aukið á fjölbreytni í útivistarskógum. Þetta sérkennilega tré má finna í Hólaskógi, einum skógi Skógræktarfélags Skagfirðinga (Mynd: JÁJ).

Getraun Hver er tegundin?



Svar: Blæosp

Minnisvarði um fyrsta skógræktarstjórann afhjúpaður

Þann 18. júní var minnisvarði um fyrsta skógræktarstjóra landsins, Agner Fransisco Kofoed-Hansen, afhjúpaður í skógarlundi í Heiðmörk. Stóðu Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins að gerð minnisvarðans.

Agner F. Kofoed-Hansen fæddist í Danmörku 1869. Hann var skógfræðingur að mennt og var ráðinn til starfa árið 1908, ári eftir að fyrstu lög um skógrækt voru sett hér á landi. Kofoed-Hansen vann ötullega að skógrækt og landgræðslu og sýndi mikla þolinmæði og þrautseigju við að auka skilning á þýðingu þess að vernda og auka umfang skóga í landinu. Hann lagði í starfi sínu mikla áherslu á að friða gömul skóglendi, enda fjármunir til skógræktarmála takmarkaðir og reynsla manna á þessum upphafsárum skógræktar af gróðursetningum erlendra tegunda ærið misjöfn. Má meðal annars rekja friðun Þórsmerkur og Ásbyrgis til starfa hans. Kofoed-Hansen gegndi starfi skógræktarstjóra til ársins 1935, en hann lést í Reykjavík þann 7. júní 1957.

Er minnisvarðanum sem nú er reistur ætlað að heiðra minningu og starf þessa frumkvöðuls í skógrækt hér á landi.



Minnisvarðinn um Agner Kofoed-Hansen (Mynd: RF).

Umhverfisverðlaun og fleiri fréttir

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga hefur unnið að skógrækt í Hrútey við Blönduós í langan tíma með öðrum sem hafa látið sig skógrækt varða. Á síðustu árum hefur mest borið á verkefninu Opinn skógur í og við Hrútey og með því hefur aðgengi fólks batnað mikið að fjölbreyttu útivistarsvæði. Mikill fjöldi ferðamanna heimsækir eyjuna árlega og eru orðnar nokkuð háværar raddir um að stytta eigi eða afnema lokun á eyjunni yfir varptíma fugla frá 20. apríl til 20. júní ár hvert.

Við setningu Húnavöku, fjölskylduskemmtunar Húnavetninga, þann 17. júlí voru umhverfisverðlaun Blönduóssbæjar afhent. Verðlaunin hafa verið veitt fyrir snyrtilega garða og umhverfi á Blönduósi frá árinu 1987. Viðurkenningu fyrir fallegan og vel hirtan garð fengu Vilborg Pétursdóttir og Valgarður Hilmarsson fyrir garð sinn að Húnabraut 32. Skógræktarfélag A-Húnavetninga fékk svo viðurkenningu fyrir ræktun og umhirðu í Hrútey í Blöndu, fólkvangi Blönduósinga. Guðrún Kristófersdóttir tók við viðurkenningunni fyrir hönd Skógræktarfélagsins.

Í skógi félagsins á Gunnfríðarstöðum vex trjágróður vel eins og víða á Íslandi. Á dögnum var formaðurinn að vinna við grisjun í alaskaasparreit sunnan við skógarkofann. Þá féllu til jarðar tré sem náð hafa 14 m hæð og voru 24 cm í þvermál. Árssprotar orðnir tæpir 80 cm að lengd og komnir upp fyrir kalskemmdir frá ryðsveppaárinu 2010 sem hefur haft mikil áhrif á hæð

alaskaaspa á Gunnfríðarstöðum. Trjáviðinn á að nota að hluta í bekkir fyrir útikennslusvæði fyrir Blönduskóla á Blönduósi.

Vel hefur gengið að gróðursetja í Austur-Húnavatnssýslu á þessu sumri. Övenjumikil rigning hefur verið í sumar sem hefur stuðlað að betri árangri eftir gróðursetningar. Svæðið er úrkomulítið að jafnaði og hafa miklir þurrkar haft slæm áhrif á lifun nýgróðursetninga síðustu sumar.

*Páll Ingbór Kristinsson,
formaður Skógræktarfélags A-Húnavetninga*



Verðlaunahafar, ásamt nefndarmönnum (Mynd: Auðunn Sigurðsson).

Skírn í skógi

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur um árabíl staðið fyrir skógar- og útivistardegi fjölskyldunnar í Höfða-skógi. Í ár var dagurinn haldinn sunnudaginn 27. júlí og mættu margir og nutu dagsins.

Dagurinn hófst á heldur óvenjulegum nótum, á skírn barns. Séra Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, flutti stutta hugvekju og síðan var lítil stúlka skírð og hlaut hún nafnið Björk Elizabet Mikaelsdóttir. Það var amma barnsins, Gyða Hauksdóttir, stjórnarkona í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, sem hélt dótturdóttur sinni undir skírn, en langamma barnsins, Kristín Þorleifsdóttir, tók einnig þátt í þessari fallegu athöfn. Þess má til gamans geta að í skóginum hafa einnig farið fram hjónavígslur.

Að þessu loknu var boðið upp á gönguferð eftir nýjum stíg sem Árni Þórólfsson skógarvörður, Jökull Gunnarsson starfsmaður félagsins og ungmenni á vegum Landsvirkjunar, sem starfa undir heitinu *Margar hendur vinna létt verk*, hafa lagt. Liggur stígurinn frá Húshöfða, um Langholt og í skógarsvæðið í Selhöfða. Gengið var hringleið og endað í Selinu, höfuðstöðvum Skógræktarfélagsins, þar sem göngufólk gat hresst sig á kaffi, meðlæti og grilluðum pylsum.



Skírn í skóginum (Mynd: Jónatan Garðarsson)

Íþrótt- og tómstundarráð tók virkan þátt í dag-skránni og bauð upp á leiki fyrir yngri kynslóðina og fjöldi barna nýtti tækifærið til að fara á hestbak hjá Íshestum. Fólk safnaðist líka saman við Hval-eyrarvatn og naut veðurbliðunnar í fallegu umhverfi.

Skógar- og útivistardagurinn var því vel heppnaður í alla staði.

Starfsmenn bandaríska sendiráðsins gróðursetja

Í lok ágúst kom hópur starfsmanna bandaríska sendiráðsins í heimsókn í skógin í Brynjudal í Hvalfirði, en þar er Skógræktarfélag Íslands með ræktun jólatrjáa. Var tilgangur ferðarinnar að láta gott af sér leiða og styðja við Skógræktarfélagið með gróðursetningu. Tóku starfsmenn Skógræktarfélagsins á móti tæplega tuttugu manna hópi frá sendiráðinu og kynntu fyrir þeim skógin og handtökin við gróðursetningu, en fæstir gestanna höfðu gróðursett áður.

Þar sem gróðursetning í Brynjudal felst nú orðið að mestu í að bæta inn í núverandi skóg, í á köflum brattri hlið, hafði verið ákveðið að vera ekki að ofgera gestunum með of mörgum plöntum. Í ljós kom hins vegar að hér var vaskur hópur á ferðinni, sem setti niður áætlaðar plöntur - 400 fjallapini – á innan við tveimur tímum og hefði verið hægt að láta hópinn afkasta miklu meira.

Hittu starfsmennirnir einnig sjálfbóðaliða á vegum SEEDS samtakanna, sem verið höfðu viku í skóginum að vinna að hreinsun, stígagerð og öðru. Að loknu sameiginlegu snarli með sjálfbóðaliðunum í SEEDS, í boði sendiráðsins, nýttu starfsmennirnir það sem eftir lifði ferðar til að skoða sig um í skóginum og komast í berjamó, en veður var sérlega gott þennan dag

og því kjörið að njóta útiverunnar í skóginum. Voru allir sammála um að vel hefði tekist til og var fullur hugur til að endurtaka viðburðinn síðar og þá setja niður miklu fleiri plöntur!



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, sýnir hvernig nota á plöntustaf til gróðursetningar. Kennslan tókst greinilega vel, því starfsmenn sendiráðsins voru snöggir að koma úthlutuðum plöntum niður (Mynd: RF).

Skógræktarfélag Kópavogs

45 ára

Skógrækt á Íslandi er ung að árum og á fyrri hluta síðustu aldar fór lítið fyrir áhuga einstaklinga á að stunda skógrækt í frístundum.

Það vakti því nokkra athygli í Kópavogi þegar hópur bæjarbúa auglýsti stofnfund Skógræktarfélags Kópavogs 25. september 1969. Flestir þeirra einstaklinga sem stofnuðu félagið höfðu áður verið í Skógræktarfélagi Kjósarsýslu sem náði yfir Kópavog, Mosfellshrepp, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Fyrsta spurningin sem vaknaði hjá Kópavogsbúum var: hvar ætlar þetta félag að setja niður tré og rækta skóg? Kópavogsbær átti ekkert land aflögu til að úthluta félaginu og háði þetta félaginu mikið fyrstu árin. Fljótlega fékk félagið litla landspildu úr landi Smárahvamms sem nefnd var Svörtuskógar. Þar ræktuðu félagsmenn tré og runna sem seldir voru bæjarbúum í Kópavogi.

Fossá í Hvalfirði keypt

En ráðamenn félagsins voru stórhuga og ákváðu ásamt Skógræktarfélagi Kjósarsýslu að kaupa jörðina Fossá í Kjósarhreppi og gera jörðina að skógræktarjörð. Kaupin voru gerð á árinu 1972 og hófst skógrækt þar vorið 1973 þegar Vinnuskóli Kópavogs mætti á svæðið með stóra hópa unglunga sem settu niður furur og grenitré. Öll árin síðan þá, eða yfir 40 ár, hafa verið gróðursett tré að Fossá og var svo gert líka nú í sumar.

Öflugt félag í 45 ár

Þótt fyrstu árin hafi ekki blasað við að þetta nýja skógræktarfélag í Kópavogi gæti vaxið og dafnað hefur raunin orðið önnur. Skógræktarfélag Kópavogs er nú með skógrækt á fjórum stöðum auk Guðmundarlundar sem í dag er eitt öflugasta útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem koma um 30.000 gestir á ári.

Skógræktarsvæði félagsins eru auk Fossár og Guðmundarlundar, Vatnsendaheiði, Selhólar og Selfjall, sem er 63ja ha svæði og hóf félagið gróðursetningu þar árið 2009. Félagið hefur undanfarin ár verið að byggja félags- og frístundahús í Guðmundarlundi sem ætlað er að verða fræðslumiðstöð fyrir félagsmenn og skólabörn í náninni framtíð. Samningar standa nú yfir við Kópavogsbæ um að koma að þessari framkvæmd með félaginu. Frá árinu 2009 hefur félagið staðið að atvinnuátaki með Kópavogsbæ og áður í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands. Í sumar vinna um 20 manns í atvinnuátaki á vegum félagsins og Kópavogsbæjar sem stendur frá 15. maí til 30. september að þessu sinni.

Fræðslustarfið og frumkvöðlarnir

Auk framangreindra verkefna hefur félagið staðið fyrir öflugum fræðslustarfi með fræðslugöngum og almennum



Guðmundarlundur er vinsælt svið fyrir ýmsa útiðburði, enda er þar góð aðstaða - grill, góður göngustígur, stór grasflöt sem hægt er að leika sér á og fleira (Mynd: RF).

fróðleik fyrir félagsmenn um ræktun. Fræðslustarfið skógræktarfélaganna er mikilvægt og ná félögin þannig betur til fleiri félagsmanna sinna. Við sem í dag sitjum í stjórn félagsins viljum á þessum tímamótum minnst þeirra félagsmanna sem lögðu grunninn að hinu öfluga starfi sem ávallt hefur einkennt starf Skógræktarfélags Kópavogs. Sérstaklega má þar nefna þá Guðmund Örn Árnason, Hermann Lundholm, Leó Guðlaugsson, Andrés Kristjánsson, Baldur Helgason og Guðmund H. Jónsson. Ef ekki hefði notið þeirra krafta í árdaga væri ekki mögulegt að hafa öflugt skógræktarfélag í Kópavogi.

*Bragi Michaelsson,
formaður Skógræktarfélags Kópavogs*



Skógurinn að Fossá var formlega tekinn inn í verkefnið Opinn skógur árið 2011. Var haldin mikil hátíð af því tilefni og mættu vel á þriðja hundrað manns til að eiga góða stund í skóginum. Var meðal annars vígður nýrundur í skóginum, nefndur Vigdísarlundur, eftir Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta (Mynd: BJ).

Nóg að gera hjá Skógræktarfélagi Akraness í sumar

Það hefur verið nóg að gera hjá Skógræktarfélagi Akraness í sumar. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Akranesi í samvinnu við Skógræktarfélag Skilmannahrepps. Í tilefni af því fengum við nokkurn styrk frá Landgræðslusjóði, meðal annars til að leggja göngustíga í Slögu. Þarna er vatnsverndarsvæði Akurnesinga og mýrlendi og því erfitt að leggja göngustíga. Til að drýgja styrkinn var leigður beltavagn sem félagar Skógræktarfélagsins stjórnðu og notuðu til að flytja mól í göngustígana. Ekki er hægt að koma við þungum vinnuvélum á mýrlendinu auk þess sem fjárhagsleg geta félagsins leyfði ekki notkun slíkra tækja.

Óhætt er að segja að þetta hafi reynst vel og hægt að mæla með notkun svona beltavagna fyrir fátæk skógræktarfélög. Félagar skógræktarfélagsins lögðu á sig ómælda vinnu að dreifa mólinni með vélinni.

*Jens B. Baldursson,
formaður Skógræktarfélags Akraness*



Jens B. Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, molar mól fyrir göngustíga upp í beltavagn (Mynd: Jens B. Baldursson).



T.v og að ofan. Unnið að lagningu göngustíga í Slögu. Félagsmenn Skógræktarfélags Akraness lögðu til mörk handtök við að dreifa úr mólinni í stígana (Myndir: Jens. B. Baldursson).



Plöntugjöf



Á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akranesi færði Þorsteinn Tómasson jurtaerfðafræðingur (t.v.) gestgjöfunum rauðblaða birki að gjöf og tóku formenn félaganna, þeir Bjarni O.V. Þóroddsson og Jens B. Baldursson (t.h.) við gjöfinni fyrir hönd síns skógræktarfélags. Annars vegar var um birki af sænskum og hins vegar norskum ættum að ræða, en Þorsteinn vinnur nú að blöndun þessa rauðblaða birkis við það íslenska og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því (Mynd: RF).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2014

79. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Akranesi dagana 15.-17. ágúst og var Skógræktarfélag Akraness, í samstarfi við Skógræktarfélag Skilmannahrepps, gestgjafi fundarins. Mættu á annað hundrað fulltrúar á fundinn, sem var vel heppnaður. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa voru haldin áhugaverð fræðsluerindi og haldið í vettvangsferðir til að skoða skógarreiti við Akranes og í Hvalfjarðarsveit. Einnig voru félögum í Skógræktarfélagi Akraness og Skilmannahrepps veittar viðurkenningar fyrir störf í þágu skógræktar.

Aðalfundurinn er mikilvægur félagslegur vettvangur, þar sem fundargestum gefst kostur á að viðræðum við annað skógræktarfolk.

Nánar má lesa um fundinn á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is.



Að ofan. Fjórir félagar í Skógræktarfélögum Akraness og Skilmannahrepps voru heiðraðir fyrir störf sín í þágu skógræktar á aðalfundinum, þau (f.v.) Bjarni O.V. Þóroddsson, Guðjón Guðmundsson, Þóra Björk Kristinsdóttir og Stefán Teitsson og fengu þau heiðursskjal og blómvönd af þessu tilefni frá Magnúsi Gunnarssyni, formanni Skógræktarfélags Íslands (t.h.) (Mynd: HE).

T.v. Aðalfundargestir njóta veðurblíðu og gróðursældar í Álfholtsskógi, ræktunarsvæði Skógræktarfélags Skilmannahrepps. Þar er vaxinn fjölbreyttur og skemmtilegur skógur, með góðum gönguleiðum (Mynd: BJ).

Að neðan. Aðalfundargestir samankomnir í skóginum í Slögu, í hliðum Akrafjalls, en það er einn reita Skógræktarfélags Akraness (Mynd: EG).



Gróðursetning í Vatnshlíð

Á fyrstu árum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar var haldinn sjálfbóðaliðadagur á vorin en með tímanum lagðist þessi siður af. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að reyna þetta á nýjan leik að hausti til þegar sumarstarfsfólkið er hætt og starfsemin farin að róast. Heppnaðist tilraunin það vel að síðan hefur þetta verið árlegur viðburður. Öllum er frjálst að mæta og taka þátt í gróðursetningunni og læra um leið réttu handtökin. Starfsfólk og félagsmenn veita góð ráð og svara spurningum um mismunandi tegundir trjáplantna og skapast jafnan mjög góð stemning.

Fyrstu tvö árin var gróðursett í Seldal en eftir það hefur áhersla verið lögð á að planta út fjölbreyttum tegundum í Vatnshlíð norðan Hvaleyrarvatns. Á þessum slóðum var landið örfoka þegar félagið var stofnað árið 1946. Þetta var beitiland hafnfirskra sauðfjárbænda en eftir að landið var friðað hófust landbætur með hjálp lúpínu. Landið hefur tekið stakkaskiptum á þessum tíma.

Minningarlundur um hjónin Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson var útbúinn í Vatnshlíð og tekinn formlega í notkun á Skógar- og útivistardegi fjölskyldunnar sumarið 2012. Ári fyrir hófst umfangsmikil útplöntun trjágróðurs í lúpínubreiðunum í Vatnshlíð. Hjálmar hafði tröllatrú á lúpínunni og arfleiddi Landgræðslusjóð að hluta eigna sinna gegn því að fénu yrði varið til landgræðslu skógræktar „þar sem áður var lítt gróið bersvæði, ef til vill þar sem gróðursett lúpína hefur gert landsvæði vænlegt til skógræktar“. Þessi sjóður styður þetta gróðursetningarverkefni, sem er alfarið unnið af sjálfbóðaliðum.

Milli 40 og 50 manns mættu laugardagsmorguninn 13. september 2014 og gróðursettu 1.600 stálpaðar trjáplöntur af mismunandi tegundum í lúpínubreiðurnar. Byrjað var á því að koma fyrir minningarskilti um þau hjónin á minningarreitnum, en síðan var hafist handa neðan við minningarreitinn. Þegar búið var að gróðursetja nokkur hundruð trjáplöntur á neðra svæðinu var farið ofar í Vatnshlíðina þar sem megnið af trjágróðrinum var plantað út. Veðrið var eins og best verður á kosið, sannkölluð síðsumarblíða og gekk verkið vel fyrir sig. Að gróðursetningu lokinni var öllum boðið að þiggja kjötsúpu, smurbrauð og kaffi í starfsstöð félagsins í Selinu.

(Myndir: Jónatan Garðarsson)



Betra hverfi á Kjalarnesi

Þegar Reykjavíkurborgar efndi til íbúakosninga í verk-efninu: „Betri hverfi“, síðast liðinn mars, þá fékk tillagan: „Gróðursetja trjáplöntur í borgarlandi í Esjuhlíðum (Græni trefillinn) í samvinnu við Grænt Kjalarnes“, dágóða kosningu, en skóg-og skjólelskandi íbúar á Kjalarnesi höfðu stungið upp á og gefið þessari tillögu stig sín.

Fjármagninu í verkefnið hefur nær eingöngu verið varið til plöntukaupa og úthlutaði Reykjavíkurborg Skógræktarfélagi Kjalarness landrými þar sem hægt var að hefjast handa við plöntun. Er það land ofan og norðan skógræktarreits félagsins við Arnarhamar. Reyndar hafði félagið hafist handa við „Græna trefillinn“ á Kjalarnesdögum síðast liðið sumar og því var ánægjulegt að skógræktar-tillagan skyldi fá svona góða kosningu í „Betri hverfi“.

Eitt leiddi af öðru, félagið hafði sótt um plöntur á vegum Landgræðsluskóga og styrk til Landgræðslusjóðs vegna skipulagsvinnu á svæðinu. Sigríður Elefsen hefur haft veg og vanda að skipulagsvinnu varðandi val og stað-setningu á plöntum til gróðursetningar. Starfsfólk á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands hefur verið boðið og búið við að aðstoða og veitti aðstöðu í skrifstofuhúsnæði sínu. Stórar plöntupantanir voru gerðar við Barra, Sólskóga og



Sjálfbóðaliðar frá SEEDS vinna að hreinsun girðinga í samstarfi við Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs (Mynd: Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir).

Þöll. Íslenska gámafélagið styrkti félagið með því að útvega aðstöðu á staðnum. Landsvirkjun útvegaði vinnuhóp undir heitinu *Margar hendur vinna létt verk* og unnu þau við plöntun í um þrjár vikur. Félagar í Skógræktarfélaginu og áhugafólk um gróðursetningu á svæðinu hafa einnig látið hendur standa fram úr ermum. Sjálfbóðaliðar frá SEEDS hreinsuðu ónýtar, gamlar girðingar af svæðinu en þau voru á vegum *Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs*-verkefnisins. Einnig var gerð tilraun með dreifingu beinamjölslöndu í rýran reit og tilraunaplöntun í skriðu. Kann Skógræktarfélag Kjalarness öllum þessum hjálparhellum bestu þakkir fyrir aðstöðina í sumar.



T.v. og að ofan. Félagar í Skógræktarfélagi Kjalarness og aðrir áhugamenn um gróðursetningu á nesinu settu niður plöntur í sumar (Mynd t.v. Guðfinna Armannsdóttir; Mynd að ofan: Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir).